



Ársskýrsla stjórnar Krafts, lögð fram á aðalfundi félagsins 27.apríl 2021

Fullt nafn: Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Stofndagur: 1. október 1999. Félagsmenn: **923**

Heimilisfang: Skógarhlíð 8, 105, Reykjavík. Sími: 866-9600. Kt. 571199-3009

Netfang: kraftur@kraftur.org

Vefsíða: www.kraftur.org

Stjórn Krafts

Stjórn Krafts, starfsárið 2020-2021, skipa: Elín Sandra Skúladóttir formaður, Arnar Sveinn Geirsson varaformaður, Ragnheiður Guðmundsdóttir ritari, Stefán Þór Helgason, gjaldkeri, Sigríður Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi, Linda Sæberg varamaður, Halla Dagný Úlfisdóttir varamaður og Gísli Álfgeirsson varamaður. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fá inn þriðja varamann inn í stjórn félagsins þar sem einn stjórnarmeðlimur var búsettur á Akureyri. Því skipaði stjórnin 8 manns þetta árið en ekki 7 eins og venjan er. Þá voru stjórnarfundir 12 talsins á starfsárinu frá því að ný stjórn tók til starfa í júní á síðasta ári. Taka skal fram að ný stjórn tók ekki til starfa fyrr en í júní á síðasta ári þar sem aðalfundi var frestað fram á sumar vegna heimsfaraldurs.

Starfsmenn Krafts

Núverandi starfsmenn Krafts eru þau Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri, sem er í 100% starfi, Hrefna Björk Sigvaldadóttir, viðburðar- og fjáröflunarfulltrúi í 100% starfi og Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur og umsjónarmaður Stuðningsnets Krafts, sem er í 30% starfi. Þorri er sameiginlegur starfskraftur Krafts og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og starfar hjá Krabbameinsfélagi Íslands í 70% starfi. Ragnheiður Davíðsdóttir lét af störfum í mars og hefur ekki verið ráðið í hennar stað. Þá er félagið með nokkra fasta verktaka og sjálfboðaliða í sérverkefnum hjá félaginu. Atli Már Sigurðsson - þjálfari FítónsKrafts, Bára Kristgeirsdóttir - umbrot á blaði, Bergur Ingi Pétursson - forritari, Kristín Þórsdóttir - markþjálfari, Laila Sæunn Pétursdóttir - markaðs- og kynningarfulltrúi, Ragnheiður Guðmundsdóttir - umsjónarmaður gönguhópsins Að klífa brattann, Rakel Erna Skarphéðinsdóttir - grafískur hönnuður, Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir - umsjónarmaður hlaðvarps Krafts og Tinna Stefánsdóttir - umsjónarmaður NorðanKrafts. Tinna Stefánsdóttir tók til starfa hjá félaginu í nóvember 2020 eftir að Sara Ómarsdóttir hætti hjá

félaginu í mars, en ákveðið var að fresta ráðningu starfsmanns vegna Covid19. Tinna er sjúkráþjálfari að mennt og hefur einnig reynslu sjálf af veikindum eins og krabbameini. Hún hefur einnig verið að aðstoða Atla með því að innleiða nýtt fjarþjálfunarprógramm í FítónsKrafti. Þá tók Hulda við umsjón af stuðningshópnum StelpuKrafti eftir að Elín Kristín Klar hætti störfum hjá félaginu. Hrefna Björk Sigvaldadóttir tók einnig formlega við umsjón AðstandendaKrafts.

Stuðningsnetið, vinna sálfræðings og viðtalstímar á LSP

Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur félagsins, heldur utan um Stuðningsnet Krafts ásamt því að veita félagsmönnum okkar sálfræðipjónustu. Á starfsárinu hefur sálfræðingur Krafts veitt 163 viðtöl sem 62 einstaklingar þáðu, en til samanburðar veitti hann á fyrra starfsári 264 viðtöl sem 95 einstaklingar þáðu. Takmarkanir vegna Covid-19 höfðu áhrif á fjölda viðtala þetta árið þótt sálfræðingur hafi boðið upp á fjarviðtöl í gegnum Köru fjarfundarbúnað. Alls voru 55 viðtöl á tímabilinu sem féllu niður. Þá hefur sálfræðingur fengið 51 beiðni um jafningjastuðning, samanborið við 63 í fyrra og haldið eitt stuðningsfulltrúanámskeið. Taka skal fram að ekki var hægt að afgreiða 10 beiðnir þar sem ekki var hægt að finna stuðningsfulltrúa fyrir viðkomandi. Það sýnir hve miklu máli skiptir að mennta stuðningsfulltrúa með ólíka reynslu til að geta komið til móts við ólíkar þarfir.

Vikulegir viðtalstímar á Landspítalanum hafa legið niðri síðasta árið vegna takmarkana á spítalanum vegna heimsfaraldurs. Þá uppfærði Kraftur efnið í gjafapokunum til nýgreindra á spítalanum og var bætt í þá tékklista fyrir fyrsta læknaviðtalið, heimaprjónaðir ullarsokkar, spritt og gríma merkt Krafti og vörur frá Bláa lóninu sem þau gáfu Krafti.

Vefverslun, heimasíða og samfélagsmiðlar

Vörum í vefverslun Krafts heldur áfram að fjölga og bættust við fjórar nýjar styrktarvörur merktar *Lífið er núna*; sóttvarnargrímur, spritt, tækifæriskort og húfur, ásamt því að servíettur var settar í hátíðarbrag yfir jólin. Vefverslunin heldur áfram að vera góð tekjulind fyrir félagið og eru nú 14 söluvörur talsins ásamt fjórum litum af perluarmböndum. Einnig eru þrjár bækur í vefversluninni, tvær til sölu en Lífskraftur fæst endurgjaldslaust. Minningarkortin halda áfram að gefa og rennur allur ágóði af þeim beint inn í minningarsjóð félagsins

Þá hafa bæst í hópinn stórir sölustaðir sem hafa verið að selja servíettur fyrir okkur eins og Fjarðarkaup, Garðheimar, Hagkaup og Kúnígúnd sem eykur á sýnileika og sölu á servíettunum.

Á síðasta ári voru 8061 vörur keyptar af rúmlega 4190 einstaklingum í vefverslun okkar fyrir tæplega 31 milljón kr. Til samanburðar, við síðasta ár, voru 3139 vörur keyptar af 1500 einstaklingum fyrir tæplega 7 milljónir króna. Sala í vefverslun hefur því aukist til muna eða um 24 milljónir króna á milli ára. Húfusalan sem fór af stað samhliða átakinu okkar á mikinn þátt í því

hversu mikil aukning var á sölu ásamt fleiri söluvörum. Þess má geta að húfan var vinsælasta söluvaran í vefversluninni.

Kraftur er með 14 virka Facebook-hópa sem notaðir eru sem upplýsingaveita til félagsmanna og sem umræðuvettvangur.

Samfélagsmiðlar eru öflugur vettvangur fyrir félagið til að miðla og fræða og var ráðist í að búa til fræðsluefni fyrir Instagram með stuttum ráðleggingum, mýtum og tilvitnunum frá félagsmönnum. Þá var einnig búið til fræðslumyndband sem dreift var á samfélagsmiðlum til að hvetja stráka til að kíkja á kúlurnar í Mottumars. Þá erum við dugleg að miðla reynslusögum félagsmanna á okkar miðlum.

Þetta hefur reynst afar vel og eru fylgjendur á Instagram næstum 4900 en voru 3700 fyrir ári síðan. Kraftur er einnig með Facebook síðu, Snapchat aðgang og Twitter. Flesta fylgjendur hefur félagið á Facebook eða um 14.000 sem er aukning um 1000 fylgjendur á milli ára.

Útgáfustarfsemi og hlaðvarp

Krafts-blaðið kemur út einu sinni ári og er blaðið alla jafna sent til allra félagsmanna, á allar heilsugæslustöðvar og helstu lækna stofur og er því einnig dreift á allar deildir Landspítalans og til sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Blaðið er einnig aðgengilegt í rafrænu formi inn á heimasíðu félagsins ásamt öllu útgáfuefni. Ákveðið var að fresta útgáfu blaðsins fram á haust sem vanalega kemur út að vori. Ástæða fyrir frestun var umfjöllun um ævintýri Snjódrífanna yfir Vatnajökul sem frestaðist fram á sumar vegna Covid 19. Þá tók Laila Sæunn Pétursdóttir við ritstjórn blaðsins sem hafði verið í höndum Ragnheiðar Davíðsdóttur. Greinar voru skrifaðar af bæði félagsmönnum og starfsmönnum Krafts og var blaðið prentað í 2000 eintökum. Ekki var unnt að dreifa blaðinu á ýmsa staði vegna sóttvarnarákvæða en hins vegar var brugðið á það ráð að plasta það og miðar settir á þar sem fólk var bent á að taka með sér eintak heim og var því dreift á N1 stöðvar í þessu formi. Eins og undanfarin ár var styrktarlínum safnað í blaðið og safnaðist að upphæð 3.380.000 í formi auglýsinga og styrktarlína í blaðið.

Í nóvember var sem fyrr gefið út jólakort með fræðslu- og upplýsingaívafi sem sent var á alla félagsmenn og mánaðarlega styrktaraðila og öllum óskað gleðilegre jóla.

Kraftur fór af stað með 2.seríu af hlaðvarpsþáttunum *Fokk ég er með krabbamein* í júní á síðasta ári. Ráðin var til starfa í verkefnið Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir dagskrárgerðarkona sem hafði umsjón með þáttunum. Teknir voru upp 9 þættir sem voru um ýmis málefni sem tengjast krabbameini og annað sem okkur þótti vert að vekja máls á. Þættirnir voru gefnir út í samstarfi við Vísi svo þeir fengu allir umfjöllun og spilun inn á þeirra miðlum. Það bætti hlustun til muna og

stendur til að gera fleiri þætti á þessu ári þegar Sigríður Þóra kemur úr barneignarleyfi.

Helstu viðburðir á starfsárinu

Reykjavíkumaraþonið

Reykjavíkumaraþonið var með óhefðbundnu sniði þetta árið og á tímabili var útlit fyrir að einn stærsti fjáröflunarliður Krafts myndi falla niður. Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íslandsbanki breyttu útfærslu á hlaupinu og gátu einstaklingar haldið áfram að safna fyrir sín félög og hlaupa sjálfir í sinni heimabyggð. Alls voru 160 einstaklingar sem skráðu sig, tvö hundruð færri en í fyrra, en þeir söfnuðu rúmlega 4,8 milljónum sem er svipað og safnaðist árið 2018. Hlauparar gátu fengið hlaupabol, glaðning og kynningarefni frá félaginu eins og fyrri ár, en þar sem ekki var haldið Fit and Run Expo í Laugardalshöll, þurftu þeir að koma á skrifstofu Krafts til að nálgast sína gjöf. Kraftur hélt sérstakan hlaupadag, laugardaginn 22. ágúst, þar sem þeir sem voru að hlaupa fyrir Kraft voru hvattir til að koma og hlaupa af Krafti, en að sjálfsgöðu var gæta að sóttvörnum og tveggja metra reglunni. Um 35 Kraftshlaupara skráðu sig til leiks á Hlaupadegi Krafts. Alls söfnuðust 2,6 milljónir fyrir styrktarlínum á Þakkaropnu Krafts sem birtist í Fréttablaðinu mánudeginum eftir hlaupið. Heildarhagnaður í kringum safnanir Reykjavíkumaraþonsins var tæplega 6,1 milljón sem var frábært miðað við fámennan hóp hlaupara og að ekkert skipulagt hlaup var haldið þetta árið.

Perlað með Krafti

Perluviðburðir eru ennþá eftirsóttir hjá félaginu og hefur Hrefna haldið utan um og sinnt verkefnum þeim tengdum. Ekki var þó hægt að halda neinn perluviðburð á starfsárinu vegna smithættu í gegnum sameiginlega snertifleti og var tekin sú ákvörðun að hefja ekki perlun aftur fyrr en fjöldatakmörkunum yrði aflétt og minna væri um samfélagssmit. Nokkrir dyggir sjálfboðaliðar innan félagsins sinntu því hlutverki að perla fyrir okkur og voru duglegir að framleiða armbönd þegar kallið kom. Við hjá Krafti erum sjálfboðaliðum óendanlega þakklát fyrir að taka þátt í þessu með okkur því án þeirra væri erfitt að anna eftirspurn. Þegar perluviðburðir verða aftur reglulegri má búast við að eftirspurnin verði svipuð næsta árið en besta leiðin til að viðhalda lífi í þessu frábæra verkefni er að hanna og framleiða nýja týpu af armband, en það væri góð leið til að viðhalda áhuga í samfélaginu sem er mikilvægt þar sem perlunin á stóran þátt í fjáröflunartekjum félagsins.

Snjódrifurnar yfir Vatnajökul

Ótrúlega skemmtilegt fjáröflunarverkefni fór af stað á síðasta ári þar sem 11 konur þveruðu Vatnajökul og söfnuðu áheitum fyrir Kraft og Líf Styrktarfélag. Sirrý Ágústsdóttir félagskona í Krafti er forsprakki verkefnisins en hún hefur tvívegis greinst með leghálskrabbamein. Þess má geta að

Hulda framkvæmdastjóri var ein þeirra kvenna sem örkuðu yfir jökulinn. Samtals söfnuðust 6 milljónir kr. og fór helmingur af þeirri upphæð til félagsins.

Þjónusta og viðburðir fyrir félagsmenn

Síðasta ár var með skrítnasta móti þar sem þurfti að aflýsa fullt af viðburðum og þjónusta Krafts var færð í stafræna heima á tímabilum vegna samkomutakmarkana. Því er síðasta ár mun tíðindaminna en oft hefur verið, en Kraftur náði engu að síður að halda veglegt sumargrill en færa þurti aðventukvöld félagsins í stafræna heima. Félagsmenn okkar á landsbyggðinni hafa fagnað stafrænu fyrirkomulagi þar sem það gefur þeim tækifæri á að nýta sér þjónustu félagsins betur og „mæta“ á viðburði. Það er klárlega reynsla sem við getum nýtt til að bæta aðgengi félagsmanna okkar á landsbyggðinni. 104 einstaklingar gengu í félagið á síðasta starfsári.

Minningarsjóður

Minningarsjóður Krafts var stofnaður 9. júlí 2019 í minningu góðs féлага, Bjarka Más Sigvaldasonar sem lést árið 2019. Tilgangur sjóðsins er að styrkja aðstandendur til að standa straum af útfararkostnaði þegar félagsmaður fellur frá vegna krabbameins eða afleiðingum þess. Allur ágóði af sölu minningarkorta félagsins rennur óskiptur í þennan sjóð. Á þessu starfsári hafa 6 manns hlotið styrk úr sjóðnum að upphæð 1.200.000 kr. en hver styrkur er að upphæð 200.000 kr., og er framlagið endurskoðað af stjórn ár hvert eftir að ársreikningur félagsins liggur fyrir.

Aðventukvöld

Krafts

Aðventukvöld Krafts var haldið í stafrænum heimum þetta árið vegna fjöldatakmarkana. Brugðið var á það ráð að vera með skemmtilegt bingó og spurningaleiki fyrir alla fjölskylduna og voru veglegir vinningar frá ýmsum fyrirtækjum og einstaklingum í boði. Fengum við valda sjálfbóðaliða til að klæða sig upp sem jólasveina og keyra stóru vinningana heim til fólks meðan á bingóinu og spurningaleiknum stóð. Um 270 félagsmenn skráðu sig til leiks um kvöldið og áttu saman skemmtilegt en engu að síðu mjög óvenjulegt aðventukvöld, sem hefur verið fastur liður í starfsemi félagsins frá upphafi.

Neyðarsjóður Krafts

Úthlutað var úr Neyðarsjóði Krafts tvisvar á síðasta starfsári. Fjórir einstaklingar sóttu um í vorúthlutun 2020 og þrír í haustúthlutun. Úthlutun á árinu nam samtals 2.211.927 kr. Stjórnin fór í það á síðasta starfsári að endurskoða reglur neyðarsjóðsins. Niðurstaðan varð sú að einfalda þyrfti umsóknarferlið til muna og gera verkferla skýrari varðandi styrkumsóknir og samskipti úthlutunarnefndar og stjórnar. Farið var í þessar úrbætur fyrir vorúthlutun 2021, þar sem umsóknarformið var einfaldað, settar starfsreglur úthlutunarnefndar og viðmið varðandi úthlutanir breytt, þar má nefna helstu breytingu að ekki þarf lengur að skila inn reikningum fyrir lækni- og lyfjakostnaði. Sjóðurinn mun greiða fyrir greiðsluþátttöku sjúklings hvert ár og ekki

verður greitt fyrir lyfjakostnaði þar sem lyfjastyrkur Apótekarans styrkir félagsmenn okkar til lyfjakaupa. Forsendur fyrir úthlutun verða enn að sýna þarf fram á fjárhagsörðuleika.

Styrkur til lyfjakaupa

Samningurinn milli Krafts og Apótekarans var endurnýjaður í upphafi árs 2021 og mun gilda út árið. Nú fá félagsmenn lyfjakort sem gildir í 2 mánuði í senn og fá áminningu þegar gildistíminn er að renna út. Alls bárust 175 lyfjabeiðnir sem er tæplega 22% aukning milli starfsára. 61 félagsmaður nýtti sér lyfjakortið a.m.k. einu sinni á árinu.

FítionsKraftur

FítionsKraftur, endurhæfing í formi hreyfingar og útivistar fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, starfaði stopult á árinu vegna samkomutakmarkana og lokana á líkamræktarstöðvum. Þurfti að aðlaga starfsemina að breyttum aðstæðum og var þjálfun færð í stafrænt fjarþjálfunarprógramm. Gerður var samningur við Heilsuklasann sem tók við rekstri Heilsuborgar eftir að þeir urðu gjaldþrota á síðasta ári. Gerður var samningur þar sem FítionsKraftur fær að nýta sér æfingaraðstöðuna þar 2x í viku án endurgjalds. Æfingar fara fram, öllu jöfnu, tvisvar í viku, ásamt mánaðarlegum viðburðum sem innihalda annars konar útivist eða skemmtilega hreyfingu. Nú eru um 5 virkir þátttakendur að meðaltali í FítionsKrafti sem mæta á æfingar að staðaldri og 9 manns nýta sér fjarþjálfun FítionsKrafts. Fjarþjálfun er nýjung í starfsemi FítionsKrafts til að koma til móts við þarfir þeirra sem búa á landsbyggðinni sem og að mæta þörfinni sem varð þegar fólk þurfti að fara æfa heima við vegna Covid19. Gerður var samningur við Fjarmedferð sem er snjallforrit þar sem þjálfari getur sett saman æfingaplan fyrir hvern og einn og þjálfari getur fylgst með að viðkomandi sé að gera heimavinnuna sína. Í snjallforritinu er einnig hægt að skoða myndbönd með æfingunum, haka við þær þegar þeim er lokið og er einnig þægilegt að hafa það við höndina við gerð æfinganna.

FítionsYoga námskeið hafa legið niðri allt þetta starfsár en það er aldrei að vita hvort þau komi aftur á dagskrá þegar aðstæður leyfa.

Ungt fólk og krabbamein - fyrirlestraröð Krafts

Haustið 2017 hófust reglulegir fræðslufundir á vegum Krafts undir yfirskriftinni „Ungt fólk og krabbamein“. Flestir fræðslufundir þessa árs hafa verið haldnir rafrænir þar sem fengnir hafa verið sérfræðingar um það málefni sem fjallað er um og reynsluboltar stundum fengnir til að miðla af eigin reynslu

Stuðningshópar

Kraftur heldur úti stuðningshópum fyrir unga krabbameinsgreinda og aðstandendur. Eftirfarandi stuðningshópar hafa verið starfræktir á starfsárinu.

StelpuKraftur er stuðningshópur fyrir ungar konur sem greinst hafa með krabbamein og hittast annan hvern mánudag. Hópurinn er undir handleiðslu Huldu Hjálmarsdóttur.

AðstandendaKraftur. Stofnaður var vettvangur fyrir aðstandendur til að hittast síðastliðið haust eins og stefnt var að. Hafa verið haldnir mánaðarlegir viðburðir fyrir aðstandendur sem hefur bæði verið fræðsla, spjall og jafningjastuðningur. Hrefna Björk, starfsmaður félagsins, hefur umsjón með hópnum ásamt aðstandendanevnd sem er henni til halds og trausts.

StrákaKraftur er stuðningshópur fyrir unga stráka sem greinst hafa með krabbamein. Starfsemi hópsins hefur verið á pásu þetta starfsárið en á að fara aftur af stað næstkomandi haust 2021.

NorðanKraftur

NorðanKraftur er stuðningshópur fyrir unga krabbameinsgreinda og aðstandendur á aldrinum 18-45 ára, staðsettur á Akureyri. Hópurinn er samstarfsverkefni Krafts og Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Hefur hópurinn verið að hittast 1-2x í mánuði frá því Tinna tók við störfum og hafa ný andlit verið að bætast í hópinn og er mæting að meðaltali í kringum 6 manns. Tinna er bjartsýn á að hópurinn muni stækka með haustinu.

Lífið er núna helgi

Engar endurhæfingarhelgar hafa verið haldnar á árinu vegna Covid19 en til stendur að halda næstu Lífið er núna helgi í Ensku húsunum í Borgarfirði í byrjun júní.

Að klífa brattann gönguhópur

Gönguhópurinn hélt áfram göngu sinni þar sem Ragnheiður Guðmundsdóttir félagsmaður hefur verið í fararbroddi. Farnar hafa verið mánaðarlegar göngur í nágrenni við Reykjavíkursvæðið. Mæting er upp og ofan en ávallt eru einhver ný andlit sem mæta til að taka þátt.

Markþjálfun

Kristín Þórsdóttir hefur boðið félagsmönnum Krafts upp á markþjálfun þeim að kostnaðarlausu. Á síðasta starfsári hafa 7 félagsmenn nýtt sér markþjálfun og veitt hafa verið 13 viðtöl.

Mánaðarlegir viðburðir

Mánaðarlegir viðburðir félagsins hafa legið niðri síðasta starfsárið vegna Covid19.

Fjármál og styrkir

Mikil áhersla er lögð á ábyrga fjármálastjórn og ráðdeild í rekstri. Kraftur byggir afkomu sína eingöngu á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Helstu kostnaðarliðir Krafts eru húsaleiga, laun og launatengd gjöld fyrir starfsmenn sína og rekstur sálfræðipjónustu, stuðningsnetsins, FítónsKrafts sem og viðburðir og námskeið fyrir félagsmenn. Krabbameinsfélag Íslands hefur í gegnum tíðina styrkt félagið með endurgjaldslausu húsnæði og annarri fyrirgreiðslu

er varðar aðstöðu í húsinu, en á þar síðasta ári breyttist það og greiðir Kraftur nú húsaleigu og fyrir aðra þjónustu í húsinu.

Stærstu styrkir sem bárust á starfsárinu voru 6,1 milljón sem komu í gegnum áheit vegna Reykjavíkurmaraþonsins og þakkaropnu vegna þess. Kraftur fékk 6,5 milljónir króna frá VÍS sem er sú upphæð sem safnaðist á árinu í verkefninu „Gerðu heiminn örlítið betri“ þar sem einstaklingar gátu valið um að gefa 1% af váttryggingarfjárhæð til góðgerðarmála. Velferðarráðuneytið veitti félaginu 3 milljón kr. styrk til endurhæfingar fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein. LífsKraftur gaf félaginu 3 milljón kr. fyrir áheitaöngunguna yfir Vatnajökul. Þá eru margir sem hugsa til félagsins og vilja leggja sitt af mörkum fyrir málstaðinn. Meðal annars var fjölskylda sem vildi ekki láta nafn síns getið sem gaf félaginu 1 milljón kr. til minningar um látinn fjölskyldumeðlim. Frænkur rökðu af sér hárið og söfnuðu 450.000 kr. Haldið var áheitaupplausn upp á Þorbjörn og söfnuðust 607.000 kr. og seld voru listaverk og ágóði þeirra rann til Krafts eða að upphæð 470.000 kr.

Á hverju ári er farið í fjáröflunarverkefni með Kaupum til góðs þar sem selt er konfekt í sérmerktum umbúðum merkt Krafti. Konfektinu er selt til fyrirtækja og í vefverslun félagsins. Hagnaður af sölnunni í ár nám 4,1 milljón kr. Þá seldi Kraftur einnig styrktarlínur í afmælisblað félagsins að upphæð 3.380.000 kr.

Í byrjun árs 2020 fórum við af stað í úthringiverkefni með Miðlun þar sem hringt er í fólk sem hefur styrkt Kraft í gegnum vefverslun og þeim þakkað fyrir kaupin og boðið að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Verkefninu lauk í ágúst 2020 og bættust 1000 einstaklingar við mánaðarlegt styrktarsamfélag Krafts og eru mánaðarlegir styrktaraðilar nú samtals 1933 sem greiða að meðaltali 1700 krónur á mánuði. Mánaðarlegt framlag frá styrktarsamfélaginu er því um 3 milljónir króna. Þess má geta að tekjur í mánaðarlega styrktarsamfélaginu janúar - mars 2021 nam 9.202.731 kr miðað við tekjur á sama tíma í fyrra upp á 4.985.700 kr. Sem þýðir um 85% vöxtur á milli ára.

Stefnt er að það því að mánaðarlegir styrktaraðilar geti staðið að mestum hluta undir rekstri, launum og launatengdum gjöldum félagsins. Það skal áréttað að þessar tölur fylgja tímatali ársreiknings félagsins sem er frá 1. janúar 2020 til 31. desember sama ár. Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi félagsins hér síðar.

Sýndu Kraft í verki

Kraftur stóð fyrir árvekni- og fjáröflunarátaki í byrjun árs 2021 þar sem markmiðið var að vekja athygli á ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum og fá um leið fjárhagslegan stuðning fyrir félagið með því að selja húfur, fá mánaðarlega styrktaraðila og staka styrki.

- Í heild seldust a.m.k. 6.700 húfur á meðan á áttakinu stóð. Pantanir í vefverslunin á tímabilinu jukust mjög mikið og fóru 3006 pantanir í gegnum verslunina fyrir tæpar 25 milljónir á tímabilinu 11. janúar til 19. febrúar.
- Facebook vinum fjölgaði um 650 á tímabilinu og voru 53 póstar settir í loftið sem náðu til um 180.000 einstaklinga.
- 4.700 einstaklingar breyttu prófílmmynd sinni á Facebook.
- Um 150 einstaklingar fylltu út form á www.lifidernuna.is og deildu á Facebook hvernig krabbamein hefði snert þeirra líf.
- Instagram fylgjendum fjölgaði um 13% á meðan á áttakinu stóð. 37 færslur birtust á Instagram og yfir 126 sögur fóru í loftið.
- 11.000 notendur fóru inn á vefsíðuna www.lifidernuna.is og um 19.000 notendur fóru inn á vefsíðuna kraftur.org.
- Á tímabilinu voru 38 fréttir um Kraft og átakið í hinum ýmsu fjölmiðlum og 40 fjölmiðlar birtu auglýsingar Krafts á tímabilinu á neti, útvarpi, auglýsingaskjám, sjónvarpi og prentmiðlum.
- Sjónvarpsútsendingin Lífið er núna var sýnd í Sjónvarpi Símans á Alþjóðadegi gegn krabbameinum, 4. febrúar, og var útsendingin annar stærsti dagskrárliður Símans þá vikuna, á eftir Það er komin Helgi. Um 7% áhorf var á myndlyklum Símans á Landsvísu eða 6.400 myndlyklar. Einungis hægt að telja myndlykla Símans, og ekki hægt að telja Vodafone eða Apple TV o.s.frv.
- Stórir styrkir á tímabilinu voru frá sjö fyrirtækjum og náðu rúmum 2 milljónum.
- Stakir styrkir á tímabilinu náðu tæpum 2,7 milljónum króna.
- Um 50 mánaðarlegir styrktaraðilar bættust við á tímabilinu.

Hagsmunabarátta

Eitt er fyrir víst að Kraftur hefur ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að hagsmunabaráttu krabbameinsgreindra og aðstandenda. Það sem bar hæst á starfsárinu eru aðstæður í heilbrigðiskerfinu vegna Covid19 þar sem fólk datt á milli í heilbrigðiskerfinu sökum hagræðinga vegna samkomutakmarkana og breytingar á skimunum á brjóstum og leghálsi sem fluttust frá Krabbameinsfélaginu yfir til heilsugæslunnar og Landspítalans.

Kraftur gagnrýndi þær breytingar sem gerðar voru á aldursviðmiðum varðandi brjóstaskimun. Í breytingunum fólst að aldursbilið, sem var 40-69 ára færðist til 50-74 ára. Stjórnin gaf frá sér yfirlýsingu þar sem hún harmaði mjög þá ákvörðun að landlæknir og skimunarráð hefðu vikið frá bæði evrópskum leiðbeiningum sem og álitum fagraðs um brjóstakrabbamein, sem hvoru tveggja leggja til að skimun hefjist við 45 ára aldur. Óskaði stjórn félagsins eftir opnum fundi hvað þessar breytingar varðaði sem og aðrar breytingar varðandi brjóst- og leghálsskimun.

Svandís Svavarsdóttir hvarf frá þeirri ákvörðun heilbrigðisráðuneytisins þann 13. janúar og ákvað að fresta um ótiltekinn tíma breytingu á neðri mörkum aldursviðmiða vegna lýðgrundaðra skimana fyrir brjóstakrabbameinum.

Til að undirstrika beiðni okkar um að aldursviðmiðum varðandi brjóstaskimanir yrðu ekki breytt afhentum við aðstoðarmanni heilbrigðisráðherra ásamt 31 konu undirskriftalista, 4. febrúar á alþjóðdegi gegn krabbameinum, þar sem þess var krafist að áætlaðar breytingar er varðar brjóstaskimun yrðu endurskoðaðar. Fjöldi þeirra kvenna sem afhentu undirskriftarlistann með Krafti er fjöldi þeirra kvenna greinst hefur með brjóstakrabbamein á aldrinum 40-49 ára á tímabilinu 2015-2019.

Þá hafa verið ýmis konar hnökrar á yfirfærslu skimana yfir til hins opinbera, sem félagið hefur gagnrýnt og bent á hvað betur mætti fara í þeim efnum. Kraftur hefur einnig verið í samskiptum við Landspítalann varðandi þá einstaklinga sem leitað hafa til félagsins vegna misbrests á þjónustu. Hefur félagið komið ábendingum til verkefnastjóra lyflækningadeildar sem hefur tekið málið fyrir á teymisfundum með læknum. Hafa flestir félagsmenn okkar fengið úrlausn sinna vandkvæða er varða þjónustu á spítalanum og gott að vita til þess að hlustað er þegar við komum ábendingum áleiðis.

Eins og síðustu tvö sumur fór Kraftur af stað með vitundarvakninguna Krabbamein fer ekki í frí sem snýr að því að vekja athygli á því að þótt fólk fari í sumarfrí þá fer krabbamein ekki í frí. Oft getur verið minni starfsemi og þjónusta yfir sumartímum í heilbrigðisgeiranum og kvartar fólk oft undan takmarkaðri þjónustu og því hefur félagið tekið saman upplýsingar um opnunartíma og þjónustu, á einn stað og mun gera það aftur í ár.

Lokaorð

Það má með sannri segja að síðasta starfsár félagsins hafi verið með óhefðbundnasta móti vegna heimsfaraldurs sem hefur verið að hrjá alla heimsbyggðina. Það setti sitt mark á starfsemi Krafts eins og annað dagsdaglegt líf. Við hjá Krafti reyndum eftir besta megni að hugsa út fyrir kassann til að aðlaga starfsemi félagsins að breyttum tímum og hvernig við gætum þjónustað félagsmenn okkar eftir besta megni þrátt fyrir að mega ekki hittast í persónu. Að mörgu leiti hefur það gefið okkur tækifæri til að skoða hvernig við getum bætt þjónustu okkar með rafrænum lausnum og gert þjónustu okkar aðgengilegri fyrir fólk sem býr á landsbyggðinni sem og þá sem geta ekki

mætt vegna veikinda sinna. Skrítið var að geta ekki haldið neina perluviðburði á starfsárinu en þeir hafa verið ríkulegur partur af starfsemi félagsins undanfarin þrjú ár en vonir standa til að við getum farið aftur af stað með þá næstkomandi haust.

Einnig er það ákveðið fagnaðarefni að félagið hafi náð að komast í gegnum þetta ár á jöfnu og ekki með tap í rekstri þar sem efnahagsþrengingar urðu töluverðar á árinu vegna Covid19. Það er í raun ákveðinn vísbending hvað félagið okkar nýtur mikils velvilja og er vel kynnt út á við í samfélaginu sem bersýnilega skein í gegn í vitundarvakningu okkar í byrjun þessa árs. Þar sem langþráður draumur varð að veruleika að komast í beina útsendingu í sjónvarpi með styrktarþátt. Starfsár félagsins endaði því eins og best var á kosið í sjónvarpinu fyrir framan alla landsmenn þar sem þjóðþekktir tónlistarmenn gáfu vinnu sína og við gátum komið málefnum Krafts á framfæri í máli og myndum - það er ekki sjálfgefið að fá slíka kynningu. Fullt af fólki styrkti starfsemi félagsins með því að kaupa Lífið er núna húfu eða styrkja félagið með stökum eða mánaðarlegum styrk. Orð fá seint lýst hversu þakklát við erum fyrir þann mikla velvilja sem við finnum fyrir í orði og á borði en fólkið þarna úti eru þau sem hjálpa okkur að hjálpa ungu fólki sem greinist með krabbamein og aðstandendum. Við höfum það enn að forgrunni að vera til staðar fyrir okkar félagsmenn og vera trú og sönn í þeirri viðleitni. Á næsta starfsári munum við halda áfram því góða starfi sem þegar hefur verið unnið og nýta þá fjármuni sem safnast hafa til að bæta innviði og aðbúnað félagsins sem og að nýta fjármuni í þágu félagsmanna eins og best verður á kosið.

Árangur félagsins hefði aldrei náðst nema fyrir tilstilli eldhuga í stjórn félagsins og starfsmanna á hverjum tíma. Það eru þau sem skapa frumkvæðið og drifkraftinn í félaginu á hverri stundu og er baráttuandinn sem einkennt hefur félagið alla tíð og okkur ber að varðveita.

Fyrir hönd stjórnar Krafts vil ég þakka öllum þeim sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Kraftur er lítið félag með stórt hjarta. Það hjarta slær með félagsmönnum og þannig viljum við hafa það áfram.

Reykjavík, 27.apríl 2021

Fyrir hönd stjórnar,

Elín Sandra Skúladóttir, formaður Krafts

